

Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um nema í Mýrdalshreppur sem leggja stund á háskólanám leikskólakennarafræðum og er að vinna í leikskólanum Mánalands.

2. gr. Markmið

Markmið með reglum þessum er að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í leikskólanum Mánaland þannig að 2/3 hlutar starfsmanna séu leikskólakennarar, eins og áskilið er í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

3. gr. Styrkhæft nám

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

- A. Diplómanám í leikskólafræðum í háskóla; 120 einingar.
- B. Leikskólakennaranám B.Ed. 180 einingar.
- C. Leikskólakennarafræði, M.Ed. 120 einingar (veitir rétt til leyfisbréfs)
- D. Framhaldsnám til M.Ed. fyrir starfandi leikskólakennara 120 einingar
- E. Annað viðurkennt háskólanám í leikskólakennarafræðum

4. gr. Styrkþegar og umsóknir

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Mýrdalshreppur og vera starfsmaður í leikskólanum Mánalands í a.m.k. 75% starfshlutfalli á meðan á námi stendur.

Umsókn um styrk skal berast leikskólastjóra mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknarblaði sem finna má á heimasíðu Mýrdalshrepps. Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Styrk getur aldrei orðið meiri en 7 ár. Sé umsókn staðfest gerir leikskólastjóri sérstakan skriflegan samning við viðkomandi, sem gildir fyrir eina önn í senn.

5. gr. Styrkur

Stuðningur er fjölþættur og felst í eftirfarandi:

- a. Aðgangur að vinnurými í leikskólanum með aðgangi að tölvum, prentara og ljósritunarvél eftir að vinnudegi lýkur og um helgar.
- b. Launað námsleyfi í staðlotum, verknámi, á prófdögum og í áföngum með mætingarskyldu.
- c. Eingreiðslur í lok annar hafi nemi staðist áætlaða námsáætlun.
- d. Stuðningur gildir eingöngu um nema sem jafnframt eru starfsmenn leikskólans Mánalands.

6. gr. Fjárhæð eingreiðslna

Eingreiðsla til nema sem er starfsmaður leikskólans Mánalands nemur að hámarki kr. 60.000 hvert sinn (m.v. 30 staðnar ECTS einingar)

Eingreiðsla fyrir lokna áfanga skal greidd hlutfallslega ef nemi lýkur færri einingum þó aldrei færri en 15 ECTS einingum.

7. gr. Styrktími og skyldur styrkþega við vinnustað

Námsstuðnings nýtur við þann tíma sem telst eðlileg námsframvinda sbr. c-lið 5. gr. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna, framlengist stuðningurinn, þó aldrei lengra en 7 ár.

- a. Styrkþega ber skyldur að upplýsa leikskólastjóri um fjarveru vegna náms með a.m.k 4 viku fyrirvara.
- b. Falli tímar og próf niður mætir styrkþega til vinnu.
- c. Þegar kennslu á hverri önn er lokið mætir styrkþega til vinnu.
- d. Meðan á vettvangsnámi stendur hefur styrkþega vinnuskyldu gagnvart vinnustaðnum þann tíma sem hann er ekki í vettvangsnámi miðað við starfshlutfall ef hægt er. Samkomulag er gert við leikskólastjórnendur um fyrirkomulag þessa.
- e. Nám, líkt og önnur fjarvera frá vinnu, getur skert undirbúningstíma og vinnutímastyttingu ef viðvera vegna náms ber upp á sama tíma.
- f. Vinnutímastytting námsmanns skal tekinn inn í viðveru í náminu.
- g. Skila þarf inn námsframvindu og tryggja að upplýsingar um próftíma sé komið sem fyrst til leikskólastjóra
- h. Haga þarf annarri fjarvist þannig að ekki skerðist vinnutími meira en nauðsyn er.

8. gr. Skyldur styrkþega

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa við leikskólann Mánalands í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur. Starfshlutfall þarf að vera minnst 75% . Hætti starfsmaður störfum við leikskólann innan áðurnefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur Mýrdalshreppur heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

Mýrdalshreppur hefur heimild að hafna umsókn eða fella úr gildi samþykka umsókn sé umsækjandi í skuld við sveitarfélagið sem komin er í innheimtaferli.

9. gr. Takmarkanir

Fjöldi nema sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf Mýrdalshrepps fyrir faglært starfsfólk í leikskólanum Mánaland á hverjum tíma. Leikskólastjóri og sveitarstjórn áskilja sér rétt til að hafna umsóknum. Leikskólastjóri getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi leikskólans beri ekki forföll vegna náms starfsmanna.

Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk samkvæmt reglum þessum.

10. gr. Álitamál

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar veitt frávik frá reglum þessum. Sveitarstjórn úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.

11. gr. Gildistími

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt þeirra í sveitarstjórn þann 10. júní 2024